

Fundur 19.5.2025 Frans Páfi, nýfluttur.

Góða kvöldið, heilsa ég ykkur.

*Góða kvöldið.*

Komið þið sælir Íslendingar og gleður það mig að tala til ykkar og lýsa þessum umskiptum sem orðið hafa, og margt sem kemur mjög á óvart.

Hef ég átt annríkt við að tala til gamalla jarðarbúa, síðan ég hingað kom og náði fullri heilsu, og hefur það verið erfitt að láta fólk skilja að ég sé í efniskennendum líkama, og kom mér það sjálfum mest á óvart kannski.

En var mér sagt að á ykkar litla landi væri hópur sem skildi að við erum ekki andar, heldur í líkama, hvað sem Drottni þóknast að gera síðar við okkur.

En er það mér mikið ánægjuefni að hafa fengið fulla heilsu og njóta náðar Drottins og finna að fyrirheitin eru sönn og margt þó sem kemur á óvart, að komast í líkama á ný og verða ekki andi, og halda áfram að þjóna honum.

Hef ég hér bæði lungun í lagi og dreg ég að mér Drottins hreina loft og fyllist allur af yndi og friði, og nýt ég þess að ganga hér um heill heilsu, og yngjast stöðugt upp og kemur það mér mjög á óvart, og hélt ég aðeins að hann sjálfur sonurinn væri endurborinn með þeim hætti, en það mun eiga öðrum að veitast líka og er það mér gleðiefni.

En voru ýmis fyrirheit gefin í Biblíunni og hefðum við gjarnan mátt fá vísindalegri skýringar frá þeim sem rannsökuðu það, en hafa það komið mér mjög á óvart að aðeins Íslendingar geymi þá vitneskju og lítill hluti ykkar, vil ég blessa ykkur og hluti af móðurkirkjunni, þótt mótmælendur séu og,

*Ert þú páfinn nýflutti ?*

Já rétt er það, en ég hef hinsvegar lent í ýmsu hér og hef, hér vil ég lýsa því að stórir stofnar kirkjunnar fara í mismunandi áttir og hef ég ekki þegið öll þau embætti sem mér hefðu boðist.

Hef ég orðið þess áskynja að margt fer hér fram í þessu mikla ríki, sem vert er að vera gagnrýnin á, og kýs ég heldur að fylgja þeirri umbótabraut sem ég hafði markað í lífinu og má veita mér styrk í að standast þau gylliboð sem bjóðast og halda mig fastan á trúarinnar braut, þótt embættin séu mörg frá mismunandi kirkjudeildum.

Já og er ég var að myndast og líkami minn var ekki fullmótaður, heyrði ég margskonar raddir og sá ég furður miklar og hefði það helst mátt líkja því við dýrlingasögurnar, en ekki vil ég meta mig svo mikinn mann að bera mig saman við þá, en margar eru furðurnar í Drottins ríki.

Já ég hef orðið þess áskynja að ég geng á tveimur fótum og í jarðneskum líkama og er það mér mikið gleðiefni og undrunarefni.

Og eru hér margar kirkjudeildir og sumar veraldlegar, og hef ég spurt gagnrýninna spurninga, og eins og á jörðinni, fengið upp á móti mér íhaldsamari kirkjudeildir.

Og má biðja fyrir því að mér takist að halda staðfestu minni í þessari trúarinnar miklu baráttu.

Mörg eru undrunarefnin á Drottins heilögu jörð, og þjónn hans hefur fengið umbun og þakka ég fyrir það.

Og met ég það mikils að Íslendingar taki vel á móti erindi mínu, og var mér sagt að ég þyrfti ekki að vera hræddur um að mér yrði ekki trúað, að ég væri í líkama en væri ekki andi, læt ég þetta nægja að sinni, en get ég ekki nóg samlega þakkað að hafa bæði lungun í lagi og ungan og hraustan líkama, megi Drottinn blessa kirkju ykkar og starfsemi þetta vísindalegt.

Verið þið sæl, þakka ég fyrir mig.

*Má ég spurja þig einnar spurningar ?*

Já.

*Hefur kirkjan kenningar dr. Helga Pjeturss ?*

Nei, ég, okkur, ég var að heyra þetta fyrst hér á þessari jörð, og ég nei vissi ekkert um þetta, og,

*Þú ættir að gera það, heimurinn er miklu miklu stærri en menn gera sér grein fyrir, veröldin.*

Já það var víst flokkað sem villutrú hér einu sinni, en það er rétt að það er gott að vera vísindalega þenkjandi og taka það til greina sem vel er rannsakað og já, ég ætla að reyna að verða við þessu, þakka þér fyrir.

*Takk fyrir komuna.*

Já,

*Vertu blessaður og gangi þér vel að standa á þínu.*

Já takk fyrir verið þið sæl.

*Sæll.*